

Sjötti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis árið 2013 var haldinn miðvikudaginn 30. október 2013 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Leifur Guðjónsson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. Hlíf Ragnarsdóttir f.h. Rupiú ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hársnyrtistofunni Hárnýjung að Háholti 23 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi til 12 ára dagsett 10. júlí 2013.
„Staðfest“
- b. Frank Wollny f.h. Teatroll ehf. sækir um starfsleyfi fyrir innflutningi og sölu á tei að Urðarholti 7 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 26. júní 2013.
„Staðfest“
- c. Þórarinn Jónsson f.h. Matarbúrið ehf. sækir um starfsleyfi fyrir starfrækslu grillbílis að Hálsi í Kjós. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 26. júní 2013.
„Staðfest“
- d. Guðný Helga Kristjánsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir „Í átt að betri heilsu“ starfrækslu verslunar með fæðubótarefni að Þverholti 5 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 16. september 2013.
„Staðfest“
- e. Sólveig Hafsteinsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir Daníelsbita ehf. söluturn með pylsum að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. ákvæðum matvælalaga til 12 ára dagsett 3. október 2013.
„Staðfest“
- f. Karl Viggó Vigfússon sækir um starfsleyfi fyrir Omnom ehf. framleiðslu á súkkulaði og skyldum vörum að Austurströnd 7 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga, enda verði innra eftirliti komið á.“
- g. Þuríður Stefánsdóttir sækir um starfsleyfi fyrir Höfðaberg, leikskóla við Æðarhöfða í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með tilvísun til matvælalaga og reglugerðar um hollustuhætti, enda verði innra eftirliti komið á.“
- h. Ólafur Páll Sölvason sækir um starfsleyfi f.h. Ístaks hf. fyrir sandblástur að Bugðuflljóti 19, Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2. Umsóknir um tóbaksleyfi.

- a. Daníel Örn Sólveigarson sækir um leyfi til tóbakssölu fyrir söluturninn Daníelsbiti ehf. Þverholti 2 Mosfellsbæ.
Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. ákvæðum tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 3. október 2013.
„*Staðfest.*“

3. Umsagnir

- a. KFC – veitingastaður flokki I, undirflokkur veitingahús, rekstrarleyfi.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 4. september 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir KFC Háholti 9 Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf jákvæða umsögn dagsett 9. september.
„*Staðfest.*“
- b. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um breytingu á reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti dagsett 17. október 2013.
- c. Lögð var fram umsögn heilbrigðiseftirlits um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Vindáss 20 3 og við Vindáshlíð í Kjós dagsett 9. september 2013.
- d. Lögð var fram umsögn heilbrigðiseftirlits um deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Meðalfells dagsett 9. september 2013.
- e. Lögð var fram umsögn heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um tillögur starfshóps um endurskoðun vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins dagsettar 29. ágúst 2013.

4. Málefni Mótomos Mosfellsbæ.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til bæjarráðs Mosfellsbæjar dagsett.

Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 16. október 2013.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til bæjarráðs Mosfellsbæjar dagsett 16. október 2013.

Málið var kynnt.

„*Frestað. Málið verður rætt á fundi í næstu viku. Formanni og framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna.*“

5. Málefni Dalsbús ehf. Helgadal.

„*Frestað*“

6. Slys á leikskólalóð leikskóla Seltjarnarness 2012.

„*Frestað*“

7. Tillaga að breytingu á 7. gr. reglugerðar nr. 73/2003 um urðun úrgangs.

„*Frestað*“

8. Kynning á tillögu að starfsleyfi fyrir GMR Endurvinnsluna ehf.

„*Frestað*“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

9. Nýr gagnagrunnur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis

„Frestað“

10. Fundir og ráðstefnur

- a. Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn þann 28. október að Borgartúni 12-14, Reykjavík.
- b. Haustfundur heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, Umhverfis- og auðlyndaráðuneyti og Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti var haldinn dagana 28.-29. október á Hótel Reykjavík Natura.
- c. Fundur um tillögur starfshóps um endurskoðun samþykktar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 21. október 2013. Árni sat fundinn og mun kynna efni hans.
- d. Fundargerð 100 fundar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 13. september 2013 var lögð fram.

„Frestað“

Fundi slitið kl. 19:30.